

Hafnarfjarðarbær

Endurskoðunarskýrsla 2016

Apríl 2016



Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar

bt. Guðlaugar Kristjánsdóttur, forseta bæjarstjórnar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitafélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla Samkvæmt þeim ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í reikningsskilunum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð reikningsskilanna og mat á framsetningu þeirra í heild.

Í skýrslu þessari fjöllum við almennt um störf okkar við endurskoðun ársreikningsins og niðurstöður hennar. Skýrslan er einungis ætluð bæjarráði, bæjarstjórn og bæjarstjóra og er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn.

Endurskoðun byggist m.a. á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn sveitafélagsins og veittu þeir okkur alla þá aðstoð sem við óskuðum eftir og brugðust vel við ábendingum okkar. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllt,

Reykjavík, 27. apríl 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir

Atli Þór Jóhannsson

Hafnarfjarðarbær
PwC

Ljósbrá Baldursdóttir

Löggiltur endurskoðandi

S: 840 5216

Netfang: ljosbra.baldursdottir@is.pwc.com



Atli Þór Jóhannsson

Löggiltur endurskoðandi

S: 840 5388

Netfang: atli.johannsson@is.pwc.com



Afrit :Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri

apríl 2017

2

Efnisyfirlit

Sérstök
umfjöllunarefni
bls. 4

1

Áhættumat og áherslur
bls. 9

2

Innra eftirlit og
upplýsingatækni
bls. 15

3

Viðaukar
bls. 18

4





*Sérstök
umfjöllunarefni*



1

1. Sérstök umfjöllunarefni

Niðurstaða endurskoðunar

Fyrir liggur ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016 sem lagður er fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu þann 27. apríl 2017 og stendur til að árita hann í bæjarstjórn við síðari umræðu. Við munum árita ársreikninginn samhliða seinni umræðu. Álit okkar kemur fram í áritun okkar á ársreikning Hafnarfjarðarbæjar og er fyrirvaralaust. Í áli okkar kemur fram: „Það er álit okkar að ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar gefi glögga mynd af afkomu sveitafélagsins á árinu 2016, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.”

Langtímalán og fjárhagsleg staða sveitafélagsins

Ársreikningurinn er gerður miðað við grunnforsendur um rekstrarhæfi og hefur fjárhagsstaða sveitafélagsins styrkts verulega á árinu. Í ársreikningum, skýringu 20, er fjallað nánar um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, en við viljum hér benda á nokkur sem við teljum skipta máli varðandi mat á henni.

a. Heildarskuldir og skuldbindingar. Samkvæmt efnahagsreikningi A og B hluta nema heildar kuldir og skuldbindingar 39.157 milljónum króna í árslok 2016 miðað við 40.184 milljónum króna í árslok 2015 og hafa því lækkað um 1.027 milljónir sem er verulegur viðsnúningur frá fyrra ári þegar þær hækkuðu um 418 milljónir milli ára.

b. Skuldaviðmið. Samkvæmt gildandi reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga þá skal tryggja að sveitarfélög séu fjárhagslega sjálfbær. Til að ná því markmiði eiga heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum ekki að vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt reikningsaðferðum sem list er í reglugerðinni. Skuldaviðmið A og B hluta Hafnarfjarðarbæjar í árslok 2016 er 148% en var 170% í lok árs 2015. Eins og fram kemur í skýringu númer 20 í ársreikningi hefur Hafnarfjarðarbær lagt fram aðlögunaráætlun til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að hlutfallið væri komið niður fyrir 150% í árslok 2018. Þetta markmið náðist hins vegar í árslok 2016 þannig að betur hefur gengið að ná niður skuldaviðmiði heldur en reiknað var með í aðgerðaáætluninni.

c. Veltufjárhlutfall. Veltufjárhlutfall reiknast sem hlutfall veltufjármuna og skammtímaskulda og sýnir hversu líklegt er að sveitarfélagið standi undir skuldum sem þurfa að greiðast á komandi ári. Venjulega þykir eðlilegt að gera kröfu um að hlutfall þetta sé herra en einn, annars er hætta á að sveitarfélagið geti lent í greiðsluferfiðleikum þar sem veltufé dugir ekki fyrir skammtímaskuldum. Veltufjárhlutfall A og B hluta í árslok 2015 var 0,61 en hefur hækkað í 0,8 í árslok 2016. Þess má geta að veltuhlutfall var 0,23 í árslok 2014. Það má því sjá að veltuhlutfall sveitafélagsins hefur styrkts verulega á síðustu tveimur árum sem gefur til kynna batnandi fjárhagsstöðu sveitafélagsins.

d. Eiginfjárhlutfall. Eiginfjárhlutfall A og B hluta er 19% í árslok 2016 en var 17% í árslok 2015.

1. Sérstök umfjöllunarefni

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding Hafnarfjarðarbæjar hækkaði á árinu um 1,9 milljarða króna og stendur í 11,4 milljörðum króna í árslok, þar af 2,3 milljarðar króna vegna SPH/BYR. Greinist hún þannig:

Sjóður	Staða 1.1	Breyting	Greiðsla	Staða 31.12
Brú (ESH)	7.612	1.374	(253)	8.733
Brú (BYR)	2.043	463	(215)	2.291
Brú (Höfn)	207	41	(14)	234
LSR	50	27	(1)	76
LH	80	3	(7)	76
Samtals	9.992	1.908	(490)	11.411

Greiðsla bæjarins til Brúar lífeyrissjóðs vegna SPH/BYR er greiðsla vegna kröfu þrotabús BYR sem Brú lífeyrissjóður fékk ekki greitt. Þar sem ekki er um að ræða hefðbundna greiðslu lífeyrisskuldbindingarinnar er hún færð meðal óreglulega liða.

Hækkun skuldbindingarinnar er hærri en væntur framreikningur út frá vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn. Skýringin á því er fyrrnefnd greiðsla, breytingar á lífslíkum og breyting eignastöðu lífeyrissjóðsins.

Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af utanaðkomandi sérfræðingum en Hafnarfjarðabær hefur ráðið sjálfstæða tryggingastærðfræðinga til þess. Endurskoðun okkar á skuldbindingunni fólst meðal annars í samskiptum við stjórnendur og tryggingastærðfræðingi ásamt því að leggja mat á útreikninga þeirra og öðlast nánari skilning á útreikningum og niðurstöðum. Einnig var farið yfir breytingu ársins og stöðu í árslok með úrtaksprófunum. Endurskoðun okkar er án athugasemda.

Ný áritun

Í samræmi við nýjan alþjóðlegan endurskoðunarstaðal hefur áritun endurskoðenda verið uppfærð.

Þar sem Hafnarfjarðabær flokkast sem eining tengd almannahagsmunum vegna skráðra verðbréfa sinna verður áritun okkar lengri en hefðbundin áritun. Ástæða þess er að okkur ber skylda til að setja fram lykilatriði endurskoðunarinnar.

Við ákvörðun á lykilatriðum endurskoðunar metum við hvaða atriði tóku mestan tíma í endurskoðunarvinnu okkar, voru flóknust úrvinnslu og vörðuðu mikilvæga liði í ársreikningnum.

Í ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar teljum við lífeyrisskuldbindingu bæjarins vera lykilatriði endurskoðunar og vísunum við í áritun okkar varðandi endurskoðun hennar.

Breytingar á ársreikningalögum

Alþingi samþykkti sumarið 2016 breytingar á ársreikningalögum þar sem miklar breytingar voru settar fram og giltu þær afturvirkir eða frá 1. janúar 2016.

Í ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar er helsta breytingin sú að nú er sett fram sérstakt yfirlit um stjórnarhætti og ófjárhagslega upplýsingagjöf.

1. Sérstök umfjöllunarefni

Innra eftirlit

Innra eftirlit er skilgreint sem allar þær reglur sem komið er á og aðgerðir sem bæjarstjórn eða stjórnendur viðhafa til þess að tryggja að rekstrarleg markmið eða önnur markmið í starfsemi sveitafélagsins náist. Traust innra eftirlit einkennist af því að vera vel skilgreint, beinast að tilteknum markmiðum og vera eðlilegur þáttur í reglulegri, daglegri vinnslu á hvaða sviði sem er. Vísað er í kafla 3 hér á eftir varðandi innra eftirlit sveitafélagsins.

Endurskoðunarnefnd

Við viljum benda sveitarfélaginu á, að þar sem það flokkast sem eining tengd almannahagsmunum vegna þess að það er með skráð skuldabréf á skipulögum verðbréfamarkaði, er samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skylda að hafa starfandi endurskoðunarnefnd og ber bæjarstjórn ábyrgð á skipun hennar samkvæmt gr. 108.a fyrrgreindra laga. Við leggjum til að slík nefnd verði skipuð.

Sameining GN eigna ehf. og Eignarsjóðs

GN eignir ehf. sameinaðist Eignarsjóði sveitafélagsins frá og með 1. janúar 2016. Unnið var að sameiningunni á árinu og gekk sameiningin að fullu í gegn þann 23. janúar 2017 þegar samruninn var skráður hjá Fyrirtækjaskrá. Samkvæmt 68. gr. sveitastjórnarlaga má sveitafélagið ekki veðsetja fasteignir eða aðrar eignir sem það á og eru nauðsynlegar til lögboðinna verkefna þess. Eignir GN eigna ehf. voru með veð að fjárhæð kr. 5.360.233.814 í fasteignum félagsins. Þessar fasteignir eru nú í eigu sveitarfélagsins og því þarf að aflétta veðunum á árinu 2017.

Stjórnsýsluskoðun

Í samræmi við 72. gr. sveitastjórnalaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitafélaga „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir á hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Þetta var gert meðfram endurskoðuninni ásamt því að farið var sérstaklega yfir hvort bókhald, ársreikningar og fjárhagsáætlun sveitafélagsins væri í samræmi við reglugerð nr. 1212/5012 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Einnig var farið yfir reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og skuldahlutfall og skuldaviðmið endurreiknað.

Við endurskoðun 2016 var sérstaklega skoðað með úrtaksskoðun lóðasala og hvort hún væri með eðlilegum hætti og í samræmi við verkreglur sveitafélagsins. Engar athugasemdir komu fram við skoðun okkar.

1. Sérstök umfjöllunarefni

Staðfestingar stjórnenda

Stjórnendur munu fyrir undirritun ársreiknings undirrita sérstakt staðfestingabréf til að staðfesta ýmsar upplýsingar í tengslum við reikningsskilin sem erfitt er fyrir okkur að staðfesta með öðrum hætti. Dæmi um slíkt eru ábyrgðarskuldbindingar, málaferli sem geta haft áhrif á reikningsskilin og reikningsliðir sem fylgir sérgreind áhætta varðandi mat og framsetningu í ársreikningi. Afrit af staðfestingabréfi er í viðauka I.

Óhæði

Samkvæmt siðareglum endurskoðenda og lögum um endurskoðendur er okkur skylt að staðfesta við ykkur að við séum óháðir endurskoðendur gagnvart sveitarfélaginu. Við höfum með bréfi til bæjarstjóra dags. 1. nóvember 2016 staðfest að við erum óháðir endurskoðendur gagnvart Hafnarfjarðarbæ eins og siðareglur starfstéttarinnar og lög kveða á um. Engin breyting hefur orðið þar á til dagsins í dag.





*Áhættumat og
áherslur*



2

2. Áhættumat og áherslur

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að við beinum sjónum okkar sérstaklega að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga og liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi félagsins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmið með þessari yfirferð er m.a. að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda.

Sviksemishætta er einn af þeim þáttum sem horft er til við áhættumat. Sviksemi m.t.t. reikningsskilanna er annað hvort tengd blekkjandi reikningsskilunum eða óheimilli ráðstöfun eigna. Við mat á hættunni á sviksemi er almennt horft til þriggja meginþátta sem oftast eru til staðar þegar sviksemi uppgötvast, þeir eru:

- Hvati, viðkomandi aðili/aðilar eru undir þrýstingi eða annarri hvatningu.
- Tækifæri, myndast vegna aðstæðna, t.d. ófullnægjandi eftirlit, ófullnægjandi aðgreining starfa, víðtækar heimildir.
- Viðhorf, viðkomandi aðili/aðilar réttlæta sviksemi, afstaða eða gildi þeirra sem eiga í hlut hjálpa til við að réttlæta óheimðarleika.

Við vekjum athygli á að gengið er út frá þeirri meginforsendu að reikningsskilin séu án rangfærslna vegna sviksemi. Endurskoðun er ekki sviksemisrannsókn. Hlutverk endurskoðandans hvað varðar sviksemi er að öðlast nægjanlega vissu um að reikningsskilin í heild séu án verulegra rangfærslna sem rekja má til sviksemi.

Hættan á að stjórnendur sniðgangi eftirlitsaðgerðir er almennt skilgreind áhætta m.t.t. sviksemi, sama á við um tekjuskráningu.

Verulegir liðir í reikningsskilum eru áhersluþættir í endurskoðun. Við endurskoðun Hafnarfjarðar höfum við horft sérstaklega til varanlegra rekstrarfjármuna og skulda við lánastofnanir. Þetta eru umfangsmestu liðirnir í reikningsskilunum.

Matskenndir liðir eru einnig sérstakur áhersluþáttur við endurskoðun. Í reikningsskilum Hafnarfjarðarbæjar er mat á lífeyrisskuldbindingu verulegur matskenndur liður. Aðrir matskenndir liðir eru mat á óinnheimtum skatttekjum og mat á niðurfærslu skammtímakrafna og verðbréfa.

2. Áhættumat og áherslur

Í tengslum við skipulagningu endurskoðunarinnar höfum við skilgreint og metið helstu áhættuatriði. Endurskoðunaraðgerðir okkar taka mið af þessu áhættumati. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit um helstu áhættur, endurskoðunaraðgerðir og niðurstöður endurskoðunarinnar.

Áhættuþáttur	Endurskoðunaraðgerðir	Niðurstaða
Sniðganga stjórnenda gagnvart eftirlitsumhverfi Stjórnendur eiga möguleika á að sniðganga eftirlitsaðgerðir bæði m.t.t. ráðstöfunar eigna og færslna í fjárhagsbókhaldi. Vegna eðlis málsins er áhætta vegna þessa skilgreind í tengslum við endurskoðun allra félaga.	<ul style="list-style-type: none">• Endurskoðun verulegra færslna, leiðréttinga og óvenjulegra færslna• Greiningaraðgerði/færsluskoðun, sjá nánar bls. 14• Endurskoðun reikningshaldslegs mats stjórnenda• Gagnaendurskoðun allra helstu liða reikningsskilanna	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til sniðgöngu stjórnenda gagnvart eftirliti.
Tekjuskráning Hættan á að tekjur séu skráðar án tilvistar eða á röngu tímabili.	<ul style="list-style-type: none">• Fara yfir að skatttekjur séu í samræmi við úthlutun ríkisins.• Greining á flæði tekjufærslna, sjá nánar bls. 13• Prófa hvort lotun tekna sé í samræmi við reikningskilareglur	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til þess að tekjur séu rangar.
Varanlegir rekstrarfjármunir Hætta á rangri skráningu á varanlegum rekstrarfjármunum	<ul style="list-style-type: none">• Yfirfara eignfærslur ársins• Yfirfara afskriftir ársins• Framkvæma sjálfstæða útreikninga á verðmati lóða og lenda	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til ofmats varanlegra rekstrarfjármuna.

2. Áhættumat og áherslur

Áhættuþáttur	Endurskoðunaraðgerðir	Niðurstaða
Skuldir við lánastofnanir Hættan á að langtímaskuldir félagsins séu ekki færðar í samræmi við undirliggjandi samninga.	<ul style="list-style-type: none">• Yfirfara lánasamninga• Utanaðkomandi staðfestingar lánastofnana• Endurútreikningur verðbóta í árslok• Greiningaraðgerðir vaxtagjalda	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til fráviks vegna skulda við lánastofnanir.
Lífeyrisskuldbinding Hættan á vanmati lífeyrisskuldbindingar.	<ul style="list-style-type: none">• Beitt fyrirspurnum til tryggingarstærðfræðings• Forsendur útreikninga skoðaðar• Greiðslur ársins skoðaðar	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til þess að lífeyrisskuldbinding sé vanmetin.
Laun Hætta á að laun séu ekki færð í samræmi við undirliggjandi samninga.	<ul style="list-style-type: none">• Launakerfi yfirfarið• Samþykktarferli launa yfirfarið• Greiningaraðgerðir launakostnaðar	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til þess að laun séu rangt færð.

2. Áhættumat og áherslur

Tekjuskráning, niðurstaða greininga

Endurskoðun rekstrartekna, greining á tekjuflæði

Hluti af endurskoðun okkar á tekjum Hafnarfjarðarbæjar er framkvæmd með prófunum á heildartekjuflæði sveitafélagsins. Áður en prófun er framkvæmd er eðlilegt flæði tekjufærslna skilgreint með aðstoð stjórnenda. Allar færslur sem ekki fara hina hefðbundnu leið eru skilgreindar óhefðbundnar (e. Non-standard) og teknar til sérstakrar skoðunar ef um verulegar fjárhæðir er að ræða.

Flæði færslanna er síðan rakið á viðeigandi efnahagslykla, í flestum tilfellum skammtímakröfur, og þaðan á handbært fé. Þessi greining veitir umtalsverða vissu fyrir tekjuskráningu sveitafélagsins og nær yfir mun stærri hluta af heildarfærslufjölda heldur en hefðbundin gagnaendurskoðun.

Eins og meðfylgjandi mynd sýnir þá er mikill meirihluti tekna skilgreindur sem hefðbundnar tekjufærslur á milli tekjulykla og skammtímakrafna eða 99,23% heildarfærslna á tekjur. Óhefðbundar færslur sem greindar voru námu samtals kr. 177 milljónum sem útskýrist einna helst af tekjufærslu vegna hlutabréfa, afslætti fasteignagjalda vegna aldraðra og öryrkja ásamt vaxtatekjum af útsvari.

Greiningin sýnir þó að þrátt fyrir að færslur séu hefðbundnar eru þær myndaðar af verulegum debet- og kreditstöðum, sem gefur til kynna að flækjustig í bókun tekna sveitarfélagsins er umtalsvert.

Tekjur	
Debet	Kredit
8.913.948.265 kr.	(32.005.851.273) kr.
Nettó (23.091.903.008) kr.	
Hlutfall 100%	

Hefðbundnar	
Debet	Kredit
8.803.998.232 kr.	(31.718.665.652) kr.
Nettó (22.914.667.420) kr.	
Hlutfall 99,23%	

Óhefðbundnar	
Debet	Kredit
109.950.033 kr.	(287.185.621) kr.
Nettó (177.235.588) kr.	
Hlutfall 0,77%	

Næsta skref greiningarinnar er að greina flæði færslna frá skammtímakröfum á mótbókun sem í flestum tilfellum ætti að vera uppgjör á skammtímakröfu með handbæru fé.

Hjá Hafnarfjarðarbæ eru 96,6% tekna sveitafélagsins hefðbundið uppgjör með handbæru fé. Færslur, þar sem uppgjör nettast ekki á móti handbæru fé, eru fasteignagjöld innan samstæðu, dráttarvextir útsvars og gatnagerðargjöld.

Við prófun okkar kom því ekkert í ljós sem bendir til að tekjur sveitafélagsins séu ranglega færðar.

2. Áhættumat og áherslur Greiningar á gagnasafni í heild

Eðlislæg sviksemisáhætta - Sniðganga stjórnenda gagnvart innra eftirlit og innlausn tekna

Í allri starfsemi er hætta á verulegum skekkjum vegna rangra eða sviksamlegra færslna. Eðlislæg áhætta vegna hættunnar á sniðgöngu stjórnenda gagnvart eftirlitsumhverfi er skilgreind sem veruleg áhætta í tengslum við endurskoðun allra félaga samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

PwC hefur þróað greiningaraðgerðir sem byggja á gagnasafninu í heild til þess að mæta eðlislægri sviksemisáhættu. Greiningar á handfærðum færslum hjá Hafnarfirði tóku mið af áhættumati okkar og snéru m.a. að:


- Verulegum fjárhæðum
- Tímasetningum
- Óvenjulegum fjárhæðum
- Ákveðnum lykilorðum í texta
- Notendum með aðgang að bankareikningi

Á myndinni hér til hliðar má sjá niðurstöðu hluta greininganna sem framkvæmdar voru á gagnasafni Hafnarfjarðar þar sem allar færslur bæjarins hafa verið greindar í handvirkar og sjálfvirkar. Í ytri hringnum er fjöldi færsla en í innri hringnum fjárhæðir færsla. Það sem það segir okkur er að 1% fylgiskjala bæjarins flokkast sem handvirkar færslur en standa undir 42% af fjárhæðum færslanna. Því skoðum við þær færslur betur en aðrar.

Á grundvelli niðurstöðu ofangreindra greininga ásamt öðrum voru 48 handfærðar færslur teknar til nánari skoðunar og bar engin þeirra vott um sviksemi.

Greining bókhaldsfærslna

Fjöldi





*Innra eftirlit og
upplýsingatækni*



3

3. Innra eftirlit og upplýsingatækni

Innra eftirlit

Í tengslum við endurskoðun okkar öflum við skilnings á innra eftirliti félagsins, sér í lagi um þá liði sem tengjast mikilvægum fjárhagsferlum og reikningsskil sveitafélagsins byggja á. Innra eftirlit er skilgreint sem allar þær reglur sem komið er á og aðgerðir sem stjórn eða stjórnendur viðhafa til þess að tryggja að rekstrarleg markmið eða önnur markmið í starfsemi hveirrar rekstrareiningar náist. Traust innra eftirlit einkennist af því að vera vel skilgreint, beinast að tilteknum markmiðum og vera eðlilegur þáttur í reglulegri, daglegri vinnslu á hvaða sviði sem er.

Eftirlitsaðgerðir

Við mælum með að sveitarfélagið uppfæri reglulega áhættumat og skráningu eftirlitsaðgerða til að mæta skilgreindri áhættu. Í samtölum okkar við stjórnendur höfum við greint mikinn vilja til að bæta stöðugt skráningu og uppfærslu verkferla. Sveitarfélagið hefur ráðið til sín sérstakan gæðastjóra og er þess að vænta að hann muni yfirfara verkferla og eftirlitsaðgerðir.

Aðgreining starfa

Á árinu 2016 var innleidd eftirlitsaðgerð til að tryggja að sviðstjórar yfirfari aðgang starfsmanna að fjárhagsbókhalddi. Hins vegar hefur ekki verið tryggð eftirlitsaðgerð til að koma í veg fyrir að sami aðili hafi aðgang að fjárhagsbókhalddi og millifærslu heimild í banka.

Við endurskoðun okkar kölluðum við eftir aðgangsheimildum beint frá fjármálastofnunum. Við yfirferð á þeim gögnum kom í ljós að dæmi er um að einstaklingar hafi millifærsluheimild ásamt því að hafa bókunaraðgang í fjárhagsbókhalddi sveitarfélagsins. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum bóka þessir einstaklingar ekki lengur í fjárhagsbókhalddi og unnið er að því að loka heimildum þeirra til bókunar.

Við viljum samt sem áður vekja athygli á áhættunni sem fylgir því að hafa ekki fulla aðgreiningu starfa í tengslum við meðferð fjármuna og bókhalddi sveitarfélagsins.

3. Innra eftirlit og upplýsingatækni

Upplýsingatækni

Hluti af endurskoðun okkar hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir árið 2016 var að kanna umhverfi innra eftirlits upplýsingakerfa. Eftirlitsþættir í upplýsingaumhverfi hjá sveitarfélögum skipta verulegu máli við framkvæmd endurskoðunar.

- Markmið okkar er meðal annars að skoða hvort hægt sé að reiða sig á eftirlitsþætti í upplýsingaumhverfi sveitafélagsins og afla þannig nægjanlegrar vissu um áreiðanleika fjarhagslegra upplýsinga sem byggja á upplýsingakerfum. Þannig er mögulegt að draga úr gagnaendurskoðun og treysta í auknum mæli á eftirlitsþætti í kerfunum.
- Markmið tölvuendurskoðunar er einnig að veita stjórnendum hóflega vissu fyrir því að sveitarfélagið hafi skilvirkar eftirlitsaðgerðir í tölvuumhverfinu sínu.

Við endurskoðun tölvukerfa hjá Hafnarfjarðarbæ var lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Breytingastjórnun
- Aðgang og réttindi notenda að helstu kerfum og gagnagrunnum

Breytingastjórnun

Við endurskoðun okkar á tölvuumhverfinu beittum við fyrirspurnum til tölvudeildar Hafnarfjarðarbæjar varðandi breytingar á því á árinu 2016. Engar verulegar breytingar hafa verið gerðar á tölvuumhverfinu. Stefnt er að uppfærslu tölvuumhverfisins í næstu framtíð og leggjum við því áherslu á að breytingastjórnun sé skráð, heimiluð og rekjanleg ásamt því að sveitarfélagið hafi eftirlit með breytingastjórnun sem þjónustuaðilar hafa umsjón með.

Aðgangsheimildir

Hluti af endurskoðun okkar er að fara yfir aðgangsstýringar í kerfum. Við fengum lista yfir notendur í bókhaldskerfi sveitarfélagsins og fórum við yfir hann með tilliti til aðgreiningar starfa og starfslýsinga notenda. Starfsmenn tölvudeildar brugðust við athugasemdum fyrra árs og hafa nú fengið yfirmenn deilda til að yfirfara aðgangsheimildir.

Við minnum þó á að slíkt eftirlit þarf að vera tímanlegt og reglulegt ásamt því að yfirmenn ættu að skilgreina hvaða aðgang hver starfsmaður þarf og mæta áhættunni sem of miklum aðgangi fylgir.

Í lok ársins voru tuttugu notendur sem höfðu bókunaraðgang að fjárhagsbókhaldi sveitarfélagsins og höfðu tveir þessara notenda einnig millifærsluaðgang að bankareikningum.

Sjö notendur eru með aðganginn „super user“ að kerfum félagsins en það eru starfsmenn tölvudeildar og þjónustuaðilar. Þrír notendur með bókunaraðgang hafa aðganginn „super gögn“ og hafa því heimild til að breyta og eyða gögnum úr gagnagrunni kerfisins. Við bendum á mikilvægi þess að skilgreina aðgangsheimildir með tilliti til starfssviðs notenda til að draga úr áhættu á óeðlilegum færslum.



Viðaukar

I: Staðfestingabréf stjórnenda bls. 23



4

PricewaterhouseCoopers ehf.
Skógartílið 12
105 Reykjavík

B.t. Ljósbrá Baldursdóttir

10. maí 2017

Staðfestingarbréf þetta er lagt fram í tengslum við endurskoðun ykkar á ársreikningi Hafnarfarðarbæjar fyrir árið 2016.

Markmið endurskoðunar ykkar er að láta í ljós álit á því hvort ársreikningur Hafnarfarðarbæjar gefi glöggja mynd af atkomu sveitarfélagsins á árinu, efnahag þess í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskiatreglur.

Við staðfestum að:

Ársreikningur

- Við höfum uppfyllt skyldur okkar, samaber ákvæði í ráðningarbrefi dags. 1. nóvember 2016, til að tryggja að ársreikningur Hafnarfarðarbæjar sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskiatreglur og þá sérstaklega að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af atkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.
- Öll viðskipti hafa verið færð í bókhald og endurspeglast í ársreikningnum.
- Milkilvægar forsendur sem eru notaðar af okkur við reikningshaldslegt mat, þar með talið mat á gangvirði, eru við hæfi.
- Tekið hefur verið tillit til allra atburða eftir lok reikningsskiatdags sem kalla á leiðréttingar og/eda skýringar í ársreikningi samkvæmt lögum um ársreikninga og settum reikningsskiatreglum.
- Ekki er um að ræða óleiðréttar skökkjur sem haft geta, hver fyrir sig eða samanlagt, áhrif á ársreikninginn í heild.
- Í ársreikningi koma fram allar upplýsingar sem okkur er kunnugt um og skipta máli við mat á rekstrarhæfi Hafnarfarðarbæjar, þar með talið allar aðstaður, atburðir, og framfararform sveitarfélagsins sem geta haft verulega þýðingu. Sveitarfélagið hefur einnig ásetning og getu til gripa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja áframtaldandi rekstrarhæfi.

Upplýsingagjöf

- Við höfum veitt ykkur:
 - Aðgang að öllum fjárhagsupplýsingum og öðrum gögnum sem varða reikningsskiilin og eru mikilvæg við gerð þeirra.

Viðauki I: Staðfestingabréf stjórnenda, afrit

- Viðbótarupplýsingar sem þið hafið óskað eftir vegna endurskoðunarinnar.
- Öheftan aðgang að starfsmönnum sveitarfélagsins vegna öflunar endurskoðunargagna.

Sviksemi og fylgni við lög og reglur

- Okkur er ljóst að stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar bera ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti til þess meðal annars að koma í veg fyrir og leiða í ljós sviksemi.
- Við höfum gert ykkur grein fyrir niðurstöðu á mati okkar á þeirri hættu að á reikningsskilunum séu verulegir annmarkar vegna sviksemi.
- Við höfum upplýst ykkur um alla þá vitneskju eða grun sem við kunnum að hafa um sviksemi sem gæti haft veruleg áhrif á sveitarfélagið eða reikningsskil þess og snerta bæjarstjórn, stjórnendur og starfsmenn sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti.
- Við höfum gert ykkur grein allri vitneskju sem við höfum fengið frá núverandi og fyrrverandi starfsmönnum, greiningaráðilum, eftirlitsaðilum eða öðrum aðilum um ásanar eða grun um sviksemi sem gætu haft veruleg áhrif reikningsskil sveitarfélagsins.
- Við höfum upplýst ykkur um öll þekkt brot á lögum og reglum sem varða sveitarfélagið, eða grun um slík brot, og íhugað áhrif þeirra við gerð ársreikningsins.

Viðskipti við tengda aðila

- Við höfum upplýst ykkur um alla tengda aðila sveitarfélagsins, í hverju tengslin eru fölgin og öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila sem okkur er kunnugt um.
- Skýrt hefur verið frá öllum tengdum aðilum og öllum viðskiptum sveitarfélagsins við þá og gerð grein fyrir þeim í samræmi við laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglana.

Málaferi og skuldbindingar

- Við höfum upplýst ykkur um öll yfirstandandi og möguleg málaferi og kröfur á hendur sveitarfélaginu, sem við höfum vitneskju um, og gætu haft áhrif á ársreikninginn. Áhrif þeirra hafa verið færð í reikningsskilin og skýrt frá þeim í samræmi við kröfur laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglana.

Bæjarstjóri

Fjármálastjóri



© 2015 PricewaterhouseCoopers ehf. All rights reserved. In this document, "PwC" refers to the PricewaterhouseCoopers ehf. which is a member firm of PricewaterhouseCoopers International Limited. Each member firm is a separate legal entity. Please see www.pwc.com/structure for further details.